

látinn sæta áminningu fyrir þau. Ummæli þessi ganga lengra en tilefni er til og eru óviðurkvæmileg og ámælisverð. Verður krafa stefndu því tekin til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 1.000.00 í málskostnað.

Uppsaga dómsins hefur dregizt vegna lasleika dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Ársæll Sveinsson, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Ísak Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason, greiði hver um sig kr. 150.00 í sekt í ríkissjóð innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi hver um sig í 2 daga.

Ofangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndu greiði in solidum stefnanda, Helga Benedikts-syni, kr. 1.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbir-tingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. maí 1965.

Nr. 143/1964. **Sindri h/f** (Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn

Rafveitu Keflavíkur

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1964. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því

er til áfrýjanda tekur, og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Þá er litið er til magns og haldgæða virs þess, er í máli þessu greinir, ungs aldurs frambjóðanda hans og atvika málsins að öðru leyti, verður að meta það starfsmönnum áfrýjanda til gáleysis, að þeir keyptu virinn og brytjuðu hann niður án þess að kanna fyrst heimildir frambjóðanda hans á honum. Að svo vöxnu máli verður að dæma áfrýjanda ábyrgð á tjóni stefnda. Með þessari athugasemd ber að fallast á niðurstöðu héraðsdómsins, að því er áfrýjanda varðar.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er tekur til áfrýjanda, Sindra h/f.

Áfrýjandi greiði stefnda, Rafveitu Keflavíkur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Rafveita Keflavíkur höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. marz 1962, gegn Jóhannesi Gíslasyni, Faxabraut 4, Keflavík, og Sindra h/f í Reykjavík til greiðslu in solidum á kr. 35.734.00 með 9% ársvöxtum frá 17. október 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi Jóhannes hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en *til vara*, að bætur verði aldrei dæmdar hærri en kr. 7.634.00.

Stefndi Sindri h/f hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til ýtrustu vara* verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð. Í báðum tilvikum krefst Sindri h/f málskostnaðar að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt laugardagsins 15. október 1960 brauzt stefndi Jóhannes inn í geymslusvæði stefnanda í Keflavík og stal þaðan rafmagnsvír. Fór hann með vírinn hingað til Reykjavíkur mánudaginn 17. október og seldi stefnda Sindra h/f hann fyrir kr. 7.634.00. Hér var um að ræða samtals 680 kílógrömm af vír, aðallínur og heimtaugar, sem teknar höfðu verið niður úr rafveitukerfi Keflavíkur. Þjófnaður þessi upplýstist hinn 22. október, en þá viðurkenndi stefndi Jóhannes í sakadómi Keflavíkur verknað sinn. Kvaðst hann hafa brotízt inn í geymslusvæðið með því að sprengja upp lás fyrir útidyrum með rörbút. Hafi hann tekið þar vír, sem laus var, en það hafi verið spottar, flækjur og hankir. Með honum í förinni hafi verið tveir kunningjar hans, og hafi þeir hjálpað honum við að koma vírnum í bifreið og aka honum í skemmu í Ytri-Njarðvík og í sendiferðabifreið, sem þar hafi staðið utan verkstæðis. Hafi þeir farið tvær ferðir. Hann kvaðst hafa verið á dansleik sunnudagskvöldið, en snemma morguns mánudagsins 17. október hafi hann fengið kunningja sinn til að aðstoða sig við að koma vírnum í sendiferðabifreið, sem Jóhannes hafði fengið til að aka vírnum til Reykjavíkur, en þar hafi hann selt hann Sindra h/f. Hann kvað vírinn hafa verið í hönkum, sumum stórum, og kvað hann vírinn við söluna hafa verið í sama ásigkomulagi og við tökuna úr skemmunni.

Kári Þórðarson, forstjóri rafveitu Keflavíkur, kvaðst fyrir dómi hafa farið til Sindra h/f, er uppvíst hafi verið um þjófnaðinn á vírnum, í þeim tilgangi að fá vírnum skilað. Hafi honum þar verið sagt, að búið væri að búta vírinn niður og setja í tunnur. Kvaðst Kári allt að einu hafa krafízt afhendingar á vírnum, en verið neitað um það af afgreiðslumanninum. Hafi hann þá ætlað að tala við forstjóra fyrirtækisins, en sá hafi ekki verið við. Í stað þess hafi hann talað við son forstjórans, Ásmund Einarsson, en hann hafi einnig neitað að afhenda vírbútana. Kvaðst Kári þá hafa tilkynnt Ásmundi, að hann myndi leita sér lögfræðilegrar aðstoðar til að leita réttar síns. Hann taldi sig hafa farið för þessa kringum mánaðamótin október og nóvember 1960, og kvaðst hann hafa verið með vörubíl til að sækja vírinn.

Einar Ásmundsson, forstjóri Sindra h/f, kvaðst hafa lagt áherzlu á það við starfsmenn sína, sem vinna hjá honum við kaup og sundurgreiningu á brotajárni og málum, að tilkynna það lögreglunni eða draga að greiða, ef grunsamlegur varningur

væri boðinn til kaups í fyrirtækinu. Um hér umrædd viðskipti kvað forstjórinn sér vera ókunnugt.

Vitnið Kjartan Pétursson kvaðst hafa unnið hálfan daginn í októbermánuði 1960 við móttöku á brotajárni hjá Sindra h/f, og hafi það verið fyrri hluta dags. Vitnið kvaðst ekki sérstaklega muna eftir því að hafa veitt móttöku þeim vír, sem hér um ræðir, og heldur ekki kvaðst vitnið minnst þess að hafa átt orðaskipti við Kára Þórðarson um það, að sá síðarnefndi vildi fá vír þenna afhentan. Vitnið kvað forstjóra fyrirtækisins hafa brýnt það fyrir vitninu að taka alls ekki á móti því brotajárni, sem það gæti rennt grun í, að væri illa fengið. Gat vitnið þess, að í starfi þess við móttöku á brotajárni hafi það komið fyrir, bæði að það hafi neitað að taka á móti brotajárni, sem það taldi illa fengið, eða látið lögregluna vita í þess konar tilfellum. Er vitninu var sýndur bútur af 50 kvaðrata koparvír, kvað það fráleitt að veita slíkum vír viðtöku, ef ungur maður hefði komið með hann í 200 metra langri hönk. Ef vitnið hefði tekið við slíkum vír, þá hljóti að hafa verið búíð að búta hann meira niður. Vitnið kvað þann hátt á vera, er brotajárn sé keypt, að afgreiðslumaðurinn gefi út sérstaka sölunótu, stílaða á seljanda, þar sem getið er þyngdar hins selda og tegundar, og síðan kvitti móttökumaðurinn undir sölunótuna, sem síðar sé framvísað til greiðslu í skrifstofu fyrirtækisins.

Vitnið Sigurður Tómasson kvaðst hafa þann starfa með höndum í brotajárnsdeild fyrirtækisins að skrifa sölunótur og greiða andvirðið út, ef það hafi handbært fé, en vísi viðskiptavinum ella í skrifstofu fyrirtækisins, en hins vegar sé það ekki í verkahring þess að veita brotajárninu viðtöku. Vitnið kvaðst ekki muna nafn þess manns, er veitti brotajárni viðtöku á þeim tíma, er hér um ræðir, enda séu tíð mannaskipti í því starfi. Vitnið kannaðist við að hafa skrifað sölunótu þá um móttöku á hér umræddum vír (dskj. nr. 14) að öðru leyti en því, að fjárhæðin hafi verið innfærð í skrifstofunni. Vitnið kvað starfsmenn þá, sem vinna við móttöku á brotajárni, hafa sérstök fyrirmæli um það að gæta varúðar við móttöku, ef þá býður grun í, að það sé illa fengið. Önnur afskipti af móttöku brotajárns en að ofan greinir kvaðst vitnið ekki hafa. Ef hins vegar komi fyrir, að grunur leiki á því, að munir, sem til kaups eru boðnir, væru illa fengnir, þá kveðst vitnið vera kallað á vettvang til ákvörðunar um það, hvort munirnir skuli keyptir eða ekki.

Ásmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Sindra h/f, kvað Kára Þórðarson hafa krafizt þess, að vírnum væri skilað aftur í því ástandi, sem hann hafi verið, er honum var stolið, en það hafi eigi verið hægt, þar sem búið hafi verið að búta hann niður. Ásmundur kvaðst hafa boðizt til að skila vírnum í þáverandi ástandi, en því hafi Kári hafnað. Hann kvað það fasta venju fyrirtækisins að skila aftur þjófstolnum munum til réttra eigenda, ef slíkt komi fyrir. Kvaðst Ásmundur hafa kynnt sér það af eigin raun, að unnt hefði verið að skila aftur vírnum í umrætt sinn, þar sem hann hafi þá allur verið sérgreindur, sumt af honum hafi verið búið að setja í tunnur, en annað ekki. Ásmundur kvað það ekki daglegan viðburð, að slíkur vír, sem hér um ræðir, sé boðinn til sölu í brotajárnsdeild fyrirtækisins, en sé það gert, þá sé aðallega um að ræða vír frá Póst- og símamálastjórninni og frá rafveitum í nágrenni Reykjavíkur.

Vitnið Haraldur Kristinn Magnússon kvaðst hafa farið með Kára Þórðarsyni í vörubíl til Sindra h/f til þess að sækja umræddan vír. Kvaðst vitnið hafa beðið í bílnum, meðan Kári hafi farið erindanna, og því ekki geta borið um samtal hans við starfsmenn Sindra h/f. Er Kári hafi komið til baka, hafi hann sagt vitninu, að neitað væri að afhenda vírinn, og hafi því skilizt, að ástæðan væri sú, að búið hafi verið að búta hann niður í tunnur.

Vitnið Einar Ólafsson, verkstjóri hjá stefnanda, kvað geymslu þá, sem vírinn var geymdur í, hafa verið læsta með tveimur stórum flekahurðum, er hafi verið lokað með klinkum að innan, sem gengu upp og niður í járnfalsa. Á annarri hurðinni hafi verið lítill hurð, er lokuð hafi verið með hengilás, en það hafi verið sá lás, sem brotinn hafi verið upp. Vitnið kvað það rammlega hafa verið gengið frá járnum þeim, sem hengilásinn hafi verið festur í, að þau hafi verið boltuð í gegnum hurðina. Vitnið kvað hér umræddan vír hafa verið loftraflínur, sem teknar höfðu verið niður, en jarðlínur hafi verið settar í staðinn. Allur vírinn hafi verið hankaður snyrtilega upp. Vitnið kvaðst hafa framkvæmt mælingar á götuhlutum þeim, sem vírinn lá um, til þess að ákveða lengdir hankanna og þyngd. Niðurstaða þeirrar mælingar hafi verið sú, að aðallínur hafi verið 3 hankir, hver 252 metrar að lengd, 3 hankir, hver 52 metrar, og 3 hankir, 174 metrar að lengd hver. Ljóslínur hafi verið 3 hankir, hver af framangreindum þremur lengdum. Þá hafi verið allmargar

hankir af heimtaugavír, í lengdum frá 6 til 27 metrar. Loks hafi verið ýmsir stubbar og bendslingar.

Hannes Sigurðsson skýrði svo frá fyrir lögreglunni í Keflavík, að vírin hafi verið lausar hankir, en Hannes aðstoðaði stefnda Jóhannes við flutning á vírnum til Reykjavíkur.

Emil Hansson, er ók vírnum til Reykjavíkur fyrir stefnda Jóhannes, kvað í skýrslu sinni hjá lögreglunni í Keflavík, að vírin hafi verið af ýmsum gerðum, stubbar, flækjur og hankir.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda Jóhannesi á því, að hann hafi viðurkennt að hafa tekið umræddan vír ófrjálsri hendi og hagnýtt sér hann í auðgunarskyni. Skipti eigi máli, hver hagnaður hans sjálfs var, heldur hitt, hvert tjón stefnanda varð, en á því beri hann fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefnandi telur stefnda Sindra h/f meðábyrgan stefnda Jóhannesi fyrir því tjóni, sem hann varð fyrir, og styður hann það þeim rökum í fyrsta lagi, að Sindri h/f hafi keypt hluti, sem fengnir hafi verið með auðgunarglæp. 263. gr. almennra hegningarlaga mæli fyrir um refsingu á hendur þeim, sem kaupir eða tekur við slíkum hlutum og hefur við móttöku eða kaupun sýnt af sér stórfellt gáleysi. Að vísu hafi ekki gengið dómur í refsímáli um sök hinna stefndu, en það eigi þó ekki að skipta máli um bótaábyrgð þeirra gagnvart stefnanda. Eins og atvikum sé háttað í þessu máli, þá hafi þeim starfsmanni eða starfsmönnum Sindra h/f, sem við vírnum tók, hlotið að hafa verið ljóst eða mátt vera ljóst, að hér væri um stolna muni að ræða. Það sýnist full ástæða til grunsemda um það, að ekki muni allt með felldu, þegar komið er með allmikið magn, 680 kíló, af góðum eirvír í hönkum, sem vitað er, að ekki er í almenn-ingseign, og hann seldur fyrir sama og ekkert verð sem brota-járn. Þar við bætist og, að sölumaður er unglingspiltur um tvítugt. Telur stefnandi, að með þessu hafi starfsmaður eða starfsmenn Sindra h/f í umrætt skipti sýnt af sér slíkt stórfellt gáleysi, sem um ræði í 263. gr. framangreindra laga, en af því leiði, að Sindri h/f, sem ber ábyrgð á starfsmönnum sínum, beri fébótaábyrgð gagnvart stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Í annan stað er krafa stefnanda á hendur Sindra h/f þeim rökum studd, að kaupgæringur stefnda Jóhannesar og Sindra h/f hafi eigi leitt til eigendaskipta að vírnum. Hann hafi verið eftir sem áður eign stefnanda. Þegar hins vegar stefnandi ætlar

að sækja eign sína, þá er honum tjáð, að búið sé að bíta vírinn niður í smátt og því ómögulegt að skila honum, enda vírinn í slíku ástandi stefnanda einskis virði. Sú háttsemi Sindra h/f að breyta þannig ástandi hlutarins þegar í stað eigi ekki að valda því, að hann verði undanþeginn bótaskyldu gagnvart stefnanda.

Í þriðja lagi bendir stefnandi á það, að Sindri h/f hafi ber-sýnilega auðgast á kostnað stefnanda á umræddum viðskiptum, þótt eigi liggi fyrir tölur að því leyti, þrátt fyrir áskoranir til Sindra h/f um upplýsingar á því.

Af hálfu stefnda Jóhannesar var ekki sótt þing, er munnlegur flutningur málsins fór fram. Rök hans fyrir sýknukröfunni eru þau, að það hafi eigi verið verknaður hans, sem olli tjóni stefnanda. Hann hafi selt vírinn í sama ástandi og hann tók hann. Það hafi því á engan hátt verið sök hans, að vírinn var bútaður niður, heldur hafi síðari eyðilegging hans orsakað það, að stefnandi varð fyrir tjóni, en á því beri stefndi Jóhannes eigi ábyrgð.

Varakrafa stefnda Jóhannesar er studd þeim rökum, að ef hann verði talinn bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna töku á vírnum, þá geti þær bætur aldrei numið hærri fjárhæð en sem svarar hagnaði hans af tökunni, þar sem það hafi verið hin síðari meðferð af hálfu starfsmanna Sindra h/f, sem olli tjóni stefnanda fram yfir þá fjárhæð.

Stefndi Sindri h/f byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki með kaupum á vírnum eða niðurbútun hans sýnt af sér það gáleysi, sem leitt geti til bótaskyldu hans gagnvart stefnanda. Samkvæmt reglum eignarréttarins glati eigandi ekki eignarrétti sínum, þótt munir hans hafi verið teknir ófrjálsri hendi og afhentir þriðja manni, jafnvel þótt sá hafi verið í góðri trú. Skylda þriðja manns nær ekki lengra en að afhenda munina. Sindri h/f hafi ávallt skilað aftur munum, sem þjóf-stolnir hafi verið, og hefði gert í hér umræddu tilviki, en stefnandi hafi ekki viljað taka við vírnum. Skaðabótaskylda Sindra h/f geti aldrei komið til greina, nema hann hafi sýnt af sér refsivert gáleysi. 263. gr. almennra hegningarlaga áskilur stórfellt gáleysi til refsíábyrgðar. Skaðabótaábyrgð verði því aðeins á lögð, að kaupandi slíkra muna hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, þ. e. að refsíábyrgð og skaðabótaábyrgð falli algerlega saman. Í hér umræddu tilviki verði því að meta, hvort starfsmenn Sindra h/f hafi við kaugin á vírnum sýnt af sér það gáleysi,

sem leitt geti til refsíabyrgðar og þar af leiðandi skaðabótaskyldu. Af gögnum málsins megi ráða, að umræddur vír hafi verið í smáhönkum og spottum og þar að auki notaður vír. Alkunnugt sé, að ýmsir skapi sér aukatekjur með því að tína saman úrgangsmálma af sorphaugum og á viðavangi og flytji hann síðan í nokkru magni til sölu. Í hér umræddu tilviki hafi að vísu verið um nokkuð mikið magn að ræða, en það út af fyrir sig geti ekki gefið tilefni til grunsemda um það, að vírinn væri illa fenginn, þegar tillit er tekið til þess, hvernig ástandi hann var í. Starfsmenn Sindra h/f hafi því ekki sýnt af sér slíkt gáleysi við móttöku á vírnum, sem leitt geti til skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda.

Varakrafa stefnda Sindra h/f er á því byggð, að hér hafi verið um að ræða notaðan vír, sem eðlilega geti ekki verið jafnverðmætur og nýr vír, en í kröfu stefnanda er miðað við verð á nýjum vír.

Svo sem að framan greinir, er það viðurkennt af stefnda Jóhannesi, að hann hafi stolið umræddum vír frá stefnanda og selt hann stefnda Sindra h/f. Er stefndi Jóhannes því bótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir því tjóni, sem hann varð fyrir. Skiptir eigi máli í því sambandi, hvern hagnað stefndi Jóhannes hafði af verknaði sínum.

Er þá til úrlausnar, hvort stefnandi eigi bótarétt á hendur stefnda Sindra h/f ásamt með stefnda Jóhannesi.

Hér að framan hefur því verið lýst, hvernig frágangur var á margnefndum vír fyrir töku á honum, og hefur stefndi Sindri h/f ekki vefengt það. Stefndi Jóhannes hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki breytt þeim frágangi, áður en hann seldi hann stefnda Sindra h/f. Af skýrslum þeirra, sem aðstoðuðu stefnda Jóhannes við flutning á vírnum til Reykjavíkur, kemur fram, að vírinn hafi verið í hönkum ásamt flækjum og spottum. Af þessu svo og með tilliti til hinna ýmsu tegunda vírsins þykir verða að telja, að vírinn hafi verið seldur Sindra h/f í því ástandi, sem hann var í við tökuna frá stefnanda. Og þegar það er virt, sem hér að framan er rakið, hið mikla magn af verðmætum koparvír, ungur aldur stefnda Jóhannesar svo og það, að óalgengt var, að slíkur vír í svo miklu magni sé seldur af einstaklingi, þykir verða að telja starfsmann eða starfsmenn stefnda Sindra h/f hafa mátt ætla, að vírinn væri illa fenginn. Móttaka þeirra á vírnum og síðari niðurbútun hans verður því

að teljast svo mikið gáleysi af þeirra hálfu, að stefndi Sindri h/f, sem ábyrgð ber á því gáleysi, er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda í tjóni hans.

Samkvæmt þessu framansögðu ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda tjón hans.

Stefnandi miðar fjárhæð kröfu sinnar við það, að samtals hafi verið um að ræða 680 kílógrömm af vír, sem stolið var, en hvert kílógramm kosti í heildsölu kr. 52.55. Stefndu hafa ekki mótmælt magni vírsins né heldur verði hans. Samkvæmt sundurgreiningu stefnanda var um að ræða 601.69 kílógrömm af aðallínuvír, 67.50 kílógrömm af heimtaugavír og 10.81 kílógrömm af stubbum og bendslingum. Það er einróma álit hinna sérfróðu meðdómenda, að aðallínuvír missi að óverulegu leyti notagildi sitt við notkun, og í hér umræddu tilviki hefði sá vír komið stefnanda að svo til sama gagni og nýr vír. Hins vegar telja þeir heimtaugavírinn, spottana og bendslingarnar ekki verða hagnýtt aftur, nema til sölu sem brotamálm. Að öllu þessu athuguðu, verður tjón stefnanda hæfilega metið til fjárverðmætis með kr. 31.000.00. Verða stefndu dæmdir til að greiða honum þá fjárhæð in solidum með vöxtum, eins og krafist er í stefnu, þó þannig, að í stað 8 af hundraði verða dæmdir 7 af hundraði.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Sverri Norland verkfræðingi og Jóhanni Gunnarssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhannes Gíslason og Sindri h/f, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Rafveitu Keflavíkur, kr. 31.000.00 með 9% ársvöxtum frá 17. október 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 6.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
